

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

Breytt deiliskipulag hafnarsvæðis við Eiðið, vesturhluti H-2, við Strandveg 104.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkti 15. september 2022 tillögu að breyttu deiliskipulagi hafnarsvæðis við Eiðið, vesturhluti H-2 vegna breytinga á byggingarreit og starfsemi við Strandveg 104.

Í tillögu að breyttu deiliskipulagi er gert ráð fyrir stækkun á lóð úr 5.666 m² í 6.407 m², að nýtingarhlutfall verði 2,0 og að byggingarmagn geti orðið allt að 12.800 m³. Hámarkshæð hússins lækkar úr 18 m í 15 m. Gert er ráð fyrir breyttri starfsemi, áður var fyrirhugað að lóðin yrði nýtt fyrir fiskvinnslu ásamt frystigeymslu en nú er fyrirhugað að reisa á lóðinni seiðaeldisstöð. Í tillögu að breyttu deiliskipulagi er gerð grein fyrir helstu áhrifum á umhverfið.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 6. október 2022,

Dagný Hauksdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 20. október 2022